

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Fiskislóð 43.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 23. mars 2018, breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar vegna lóðar nr. 43 við Fiskislóð. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits og aukning á nýtingarhlutfalli. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Efstaleiti – RÚV-reitur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 21. mars 2018 breytingu á deiliskipulagi RÚV-reits. Í breytingunni felst m.a. að djúpgámalóðum er fækkað, lóðir færðar til, ein djúpgámalóð stækkuð, lóðir H og I breytast í borgarland og lóð F stækkar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgartún 32.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 21. mars 2018 breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir lóð nr. 32 við Borgartún. Í breytingunni felst að byggingarmagn lóðar breytist, sökklarymi vesturhluta eldra húss undir plötu 1. hæðar breytist í geymslusvæði í kjallara og breyting verður á nýtingarhlutfalli lóðar. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 23. mars 2018.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2018